



Alþingi
Erindi nr. P 139/877
komudagur 10. 12. 2010

9. desember 2010
SI-68698

Nefndasvið Alþingis
nefndasvid@althingi.is
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um stofnun sameignarfyrirtækis um Orkuveitu Reykjavíkur, lögum um Landsvirkjun, lögum um samvinnufélög og lögum um sameignarfélög (stjórnarformaður, kynjahlutfall í stjórn), 139. löggjafarþing, 87. mál.

Með tölvupósti dags. 24. nóvember sl., óskaði viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um ofangreint frumvarp.

Í greinargerð með frumvarpinu kemur m.a. fram, að með því séu gerðar annars vegar þær breytingar á umræddum lögum að við þau bætist ákvæði um hlutföll kynjanna í stjórnun Orkuveitu Reykjavíkur og Landsvirkjunar og í stjórnun samvinnufélaga og sameignarfélaga. Hins vegar sé lagt til að bætt verði við lögina ákvæði þess efnis að formaður stjórnar verði ekki það sem kallað er „starfandi stjórnarformaður“.

Kynjahlutfall í stjórn sameignarfyrirtækja

Seðlabankinn fagnar tillögum er stuðla að auknu jafnrétti sem víðast í samfélaginu. Seðlabankinn vill þó vekja athygli á því, að fyrirbyggjandi tillögur kunna að skapa vandræði við samsetningu stjórnna smærri samvinnufyrirtækja með sérhæfðan rekstur, eigi að tryggja að hæfustu fánlegir einstaklingar sitji í stjórninni, sem aftur þarf ekki að vera vandamál í tilfelli stórra almenningsfyrirtækja.

Starfandi stjórnarformenn

Varðandi ákvæði um starfandi stjórnarformenn þá vill Seðlabankinn taka það í fyrsta lagi fram að slík ákvæði kunni að vera eðlileg hvað varðar Landsvirkjun og Orkuveitu Reykjavíkur. Seðlabankinn hefur enda áður lýst þeirri skoðun að slík ákvæði séu gagnleg hvað varðar fjármála-fyrirtæki. Þrátt fyrir það telur Seðlabankinn það ekki vera rétt að láta slíkt gilda almennt um sameignar- og samvinnufélög. Slík félög eru gjarnan í eigu eins aðila eða þétts eigendahóps, og stjórn þar af leiðandi með mikil tengsl við framkvæmdastjórn, og því ekki knýjandi nauðsyn á að tryggja

SEÐLABANKI ÍSLANDS

KALKOFNSVEGI 1 · 150 REYKJAVÍK

SÍMI: 569 9600 · NETFANG: sedlabanki@sedlabanki.is · BRÉFASÍMI: 569 9605




vernd hluthafa með þessum hætti, sem hlýtur að vera markmiðið. Þá verður ekki séð að slík ákvæði gildi um einkahlutafélög.

Seðlabanki Íslands gerir að öðru leyti ekki athugasemdir við frumvarpið og styður almennt framgang þess.

Virðingarfyllst
SEÐLABANKI ÍSLANDS


Már Grömundsson
seðlabankastjóri


Sigríður Logadóttir
aðallögfræðingur